

# Netfréttir, ágúst

## Blaðagreinar

Í ágústmánuði var birt grein í Fréttablaðið eftir Bergþóru Baldursdóttur, sjúkrabjálfa.

### Hver var Salómon?

Föstudaginn 14. ágúst var haldið örþing í Hallgrímskirkju í tilefni af 200 ára afmæli Biblíufélagsins.

Hver var Salómon? Hvernig voru fjölskylda og uppeldisaðstæður þessa fræga konungs í Ísrael? Hvaða áhrif hafði hann á samfélag og helgihald þjóðar sinnar? Hver er áhrifasaga hans? Hvers eðlis var ljóðlist og spekihefð hebra?.

Dr. Gunnlaugur A. Jónsson, prófessor: Heilagur bústaður Hins Hæsta. Musteri Salómons í Saltara.

Guðbjörg Arnardóttir, sóknarprestur á Selfossi: Batseba, móðir Salómons í sögu og samtíð.

Sr. Hjörtur Pálsson, bókmenntafræðingur. „Eins og hindin þráir vantslindir...“ Við lindir ljóðs og trúar í boði Salómons.

## Hólahátíð var haldin helgina 14. – 16. ágúst 2015. Boðið var upp á vandaða dagskrá meðal annars Biblíusýningu í Auðunarstofu. Dagskráin var eftirfarandi:

Föstudagur 14. ágúst

Kl. 10:00-18:00 Biblíusýning opin í Auðunarstofu.

Kl. 20:00 Hólabiblíur – um þrjár fyrstu biblíuútgáfur Íslendinga.

Sr. Sigurður Ægisson flytur erindi í Auðunarstofu.

Laugardagur 15. ágúst

Kl. 10:00 Pílagrímaganga frá Gröf heim að Hólum með biblíulestrum. Lagt af stað frá Grafarkirkju kl. 10:00 og tekur gangan um sex tíma. Helgistund við heimkomu í Hóladómkirkju.

kl 13.00 Ganga yfir Hrísháls í fylgd Önnu Þóru Jónsdóttur frá Vatnsleysu. Gengið inn í söguna. Lagt af stað frá Enni kl. 13:00 og tekur gangan 3-4 tíma heim að Hólum.

Á veginum verða hin ýmsu óvæntu fyrirbæri og ævintýraverur úr raunveruleika fyrri tíma.

Sundlaugin á Hólum opin kl. 14:00-18:00

Kl. 17:00 Dagskrá fyrir börn á öllum aldri og fjölskyldur þeirra í Hóladómkirkju í umsjá Helga Zimsen og Rósu Jóhannesdóttur.

Kl. 18:00 Kvöldverður. Hlaðborð með gómsætum Biblíumat Undir Byrðunni.

Uppskriftirnar eru úr bók sr. Svavars Jónssonar.

Sunnudagur 16. ágúst

Kl. 10:30 Dr. Gunnlaugur A. Jónsson flytur erindið: Áhrifasaga Saltarans. Um áhrif Davíðssálma í sögu og samtíð á bókmentir, listir og kvikmyndir.

Kl. 14:00 Hátíðarmessa í Hóladómkirkju. Prestsvígsla. Mag. theol Halla Rut Stefánsdóttir var vígð til að gegna sóknarprestsembætti í Hofsós- og Hólaprestakalli. Veislukaffi í Hólaskóla.

Kl. 16:30 Hátíðarsamkoma í Hóladómkirkju Ólöf Nordal innanríkisráðherra flutti hátíðaræðu.

Ragnhildur Ásgeirsdóttir framkvæmdastjóri Hins íslenska biblíufélags flutti ávarp. Kirkjukór Hóladómkirkju flutti biblíuljóð.

### **Hátíðarvers ágústmánaðar**

Gabriel Ólafsson Long er eitt þeirra barna sem myndskreyttu hátíðarvers fyrir Biblíufélagið í tilefni af 200 ára afmæli félagsins. Valin voru 12 hátíðarvers, eitt fyrir hvern mánuð og börn í Leikskóla KFUM og K, Vinagarði, myndskreyttu ritningarversin. Þau teiknuðu öll fallegar myndir og höfðu mikla gleði af. Í ágústmánuði túlkaði Gabriel á skemmtilegan hátt texta úr Postulasöggunni, um gjöf heilags anda.

### **Afmælishátíð Hins íslenska biblíufélags var haldin í Hallgrímskirkju, laugardaginn 29. ágúst kl.14.**

Stjórnandi hátíðarinnar var Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir

#### **Dagskráin var eftirfarandi:**

Forspil: Guðný Einarsdóttir (orgel) og Eiríkur Örn Pálsson (trompet)

Setning: Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir

Tónlist: Elísabet Waage (harpa) og Gunnar Kvaran (selló)

Ávarp: Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson

Almennur söngur: *Þitt orð er, Guð, vort erfðafé*

Kjóri heiðursfélaga lýst en það voru: Dr. Guðrún Kvaran, dr. Karl Sigurbjörnsson, dr. Sigurður Pálsson og Sverrir Kristinsson.

Árnaðaróskir af hálfu erlendra gesta flutti Ingeborg Mongstad-Kvammen, framkvæmdastjóri norska biblíufélagsins, NBS

Tónlist: Scola Cantorum

Lestur valinna texta úr ýmsum Biblíuþýðingum en þeir sem lásu voru: Helgi Guðnason, Karl G. Smith, Dögg Harðardóttir, Erling Snorrason og dr. Auður Eir Vilhjálmsdóttir.

*Arfur kynslóðanna- litið yfir farinn veg.* Séra Sigurður Pálsson, fv.framkvæmdastjóri HÍB

Tónlist: Karlakór KFUm frumflutti sálm eftir Bjarna Gunnarsson við ljóð Guðlaugs Gunnarssonar samið í tilefni afmælisins

*Horft fram á veginn- mótun framtíðar,* Þóra Björg Sigurðardóttir, guðfræðinemi

Almennur söngur: Gefðu að móðurmálið mitt.

